

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Kirkjuhvamm á Rauðasandi í Vesturbyggð.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 20. mars 2013 deiliskipulag fyrir Kirkjuhvamm á Rauðasandi skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið er vegna nýs húss á jörðinni, en svæðið fellur undir hverfisvernd í aðalskipulagi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vesturbyggð, 14. ágúst 2013.

Þórir Sveinsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2013